



Egilsstaðaskóli

Sjálfsmatsskýrsla

2021 - 2022



Gleði - virðing - metnaður

Sjálfsmatsskýrsla Egilsstaðaskóla

Inngangur	bls. 3
Skólinn	bls. 4
Matsþættir í skólastarfinu	bls. 5
Skólapúlsinn / Olweusarkönnun	bls. 5
○ Nemendur: 1.-5. bekkur	bls. 7
○ Nemendur: 6. – 10. bekkur	bls. 8
○ Foreldrar	bls. 10
○ Starfsfólk	bls. 13
Lestur – Lesfimi	bls. 15
Umbótaaðgerðir / þróunarstarf	bls. 16
Ytri tengsl	bls. 19
Árangur nemenda á ýmsum vettvangi	bls. 19
Styrkleikar og veikleikar	bls. 20
Samantekt	bls. 20
Fylgiskjöl:	
1. Fimm ára matsáætlun 2022 – 2027	bls. 21

Forsíðumynd er úr vinningsseríu Ljósmyndamarabons 8. og 9. bekkjar á Vordegi 2. júní sl. Myndin táknar flæði en það var eitt af þeim orðum sem nemendur áttu að túlka í mynd.

Inngangur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII kafla, 35. og 36. gr. kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólastarfinu leggja mat á starf sitt, kennsluna, námið, aðbúnað og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. gr. sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

Í Egilsstaðaskóla er unnið eftir matsáætlun, sem sett er fram til 5 ára í senn. Margvíslegum gögnum er safnað vegna innra mats: Með hefðbundnum könnunum *Skólapúlsins* fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn og könnun á einelti skv. Olweusaráætluninni, en auk þess er lagt mat á marga þætti í skólastarfinu s.s. í þróunarhópum, þróunarverkefnum, í margvíslegum verkefnum og lesfímiprófum Menntamálastofnunar, skimunarprófum í lestri og stærðfræði auk annars s.s. starfsmannasamtala, tengslakannana meðal nemenda ofl.

Niðurstöður innra mats skólans skólaárið 2021 - 2022 eru birtar í þessari matsskýrslu. Skýrslan er kynnt í skólaráði og fjölskylduráði. Auk þess eru einstakir þættir kynntir nemendum, starfsmönnum og foreldrum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Viðmið skólans um árangur er að 80% svörunar falli undir efstu tvo svarmöguleika af fjórum eða fimm. Fari svörun undir 80% er safnað frekari gögnum og/eða gerðar sérstakar áætlanir um úrbætur.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fremst eru nokkrar staðreyndir um skólann og tilhögun skólastarfsins í vetur. Þá er yfirlit yfir matsþætti í skólastarfinu og farið sérstaklega yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum og Olweusarkönnun. Farið er yfir niðurstöður lesfímiprófa, auk þess sem fjallað er um ytri tengsl við aðila utan skólans. Enn gætti áhrifa Covid 19 á skólárinu m.a. í viðburðum á vegum skólans, sem voru í lágmarki, aðgengi foreldra að skólanum og möguleikum kennara til samvinnu þvert á stig vegna hólfunar.

Í starfshópi um innra mat skólans skólaárið 2021 - 2022

Fjóla Rún Jónsdóttir
Erla Gunnlaugsdóttir
Hlín Stefánsdóttir
Ólöf S. Ragnarsdóttir
Sigrún Blöndal

Skólinn

Egilsstaðaskóli er heildstæður grunnskóli fyrir 1. – 10. bekk.

Grunngildi skólans eru gleði, virðing og metnaður. Í skólastarfinu er lögð sérstök áhersla á virka nemendur, teymiskennslu og list- og verkgreinar.

Egilsstaðaskóli er heilsueflandi skóli og hefur síðastliðinn vetur verið á grænni grein sem er undirbúningur fyrir það að skólinn geti orðið Grænfánaskóli. Egilsstaðaskóli vinnur einnig eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Nánari upplýsingar um stefnu skólans er að finna á heimasíðu skólans www.egilsstadaskoli.is

Egilsstaðaskóli hefur starfað frá stofnun þéttbýlis á Egilsstöðum 1945, fyrst í heimahúsum, en starfsemin hófst í fyrsta hluta skólahúsnæðisins árið 1957. Síðan þá hefur húsnæðið tekið miklum breytingum og oft verið byggt við. Í skólanum eru nú 24 kennslustofur auk sérgreinastofa. Frístund er einnig starfrækt í skólanum fyrir börn í 1. – 4. bekk en þar er boðið upp á dvöl fyrir og eftir skóla. Í vetur voru 77 börn skráð í Frístund en það er breytilegt hvort börnin eru í morgun- og/eða síðdegisgæslu. Sérlega vantar aðstöðu fyrir Frístund en ekki er sérstök aðstaða ætluð fyrir starfseminna, sem fer fram í opnu rými á jarðhæð skólans auk einnar skólastofu. Það hefur þurft að takmarka þjónustu við forgangshópa nemenda í 1. og 2. bekk og svo forgangshópa í 3. og 4. bekk. Tónlistarskólinn á Egilsstöðum er starfræktur í húsnæði Egilsstaðaskóla.

Vorið 2022 eru 398 nemendur í skólanum og eru u.þ.b. 30 af erlendum uppruna (7,5%). Í dreifbýli búa 26 nemendur og er skólaakstur af svæði sem er skilgreint skólahverfi Egilsstaðaskóla, þ.e. austan Lagarfljóts. Á Fljótsdalshéraði er frjálst skólaval svo nemendur úr öðrum skólahverfum geta sótt um skólavist í Egilsstaðaskóla.

Í mötuneyti Fljótsdalshéraðs, sem staðsett er í Egilsstaðaskóla, eru eldaðar máltíðir fyrir grunn- og leikskóla sem staðsettir eru á Egilsstöðum og í Fellabæ, ríflega 700 máltíðir á dag.

Starfsmenn skólans í vetur hafa verið milli 80 og 90 en nokkuð hefur verið um afleysingar vegna forfalla.

-	<i>Fjöldi</i>	<i>stöðugildi</i>
Stjórnendur	5	3,5
Kennarar (þmt. sérkennarar, 3 þroskaþjálfar, námsráðgjafi)	56	44
Almennir starfsmenn (þmt. ritari, húsvörður, skólaliðar, stuðningsfulltrúar)	33	28,8


Viðfangsefni mats á skólastarfi 2021 - 2022					Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Viðmót og menning	Nemendur	Mannauður	Aðbúnaðar	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Matspáttur / hvað kannað		Matsaðilar	Hvenær	Þátttakendur										
Olweusaráætlunin gegn einelti	Könnun lögð fyrir nemendur þar sem kannað er hvort nemendur hafi orðið fyrir áreiti eða einelti.	Olweusarteymi skólans	nóvember	5.-10.bekkur				x	x					
Skólapúlsinn	Nemendakönnun; lestur, vellíðan, ánægja með verkefni í skóla	Skólapúlsinn/ Starfshópur um innra mat	maí	Nemendur í 1. – 5. bekk.		x			x					
	Nemendakönnun; Virkni, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi	Skólapúlsinn/ Starfshópur um innra mat	Deilt á 4 skipti yfir veturinn	Nemendur úr 6.-10.bekk.		x		x	x					
	Foreldrakönnun; Nám og kennsla, velferð nemenda,	Skólapúlsinn/ Starfshópur um innra mat	febrúar	Úrtak foreldra af öllum stigum skólans		x		x			x			
	Starfsfólk; Starfið, vinnustaðurinn, stjórnun. Kennarar: Starfið, starfið, vinnustaðurinn, stjórnun, starfsumhverfi kennara. Frekari úrvinnsla úr starfsmannakönnun.	Skólapúlsinn/ Starfshópur um innra mat	Mars /apríl	Allt starfsfólk svarar könnun í mars. Sendar út spurningar til eftirfylgni.				x		x	x	x		
Starfsmanna-samtöl	Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal til stjórnenda.	Stjórnendur	Febrúar - mars	Allir starfsmenn	x			x		x	x			
Teymi / þróunarhópar / Stigsfundir/ starfsmannafundir	Niðurstöður teyma/þróunarhópa. Árgangateymi, þróunarhópar. Vinaliðar.	Stjórnendur, deildarstjórar, sérkennarar.	Allt skólaárið.	Stjórnendur, kennarar, sérfræðingar innan og utan skóla, foreldrar.	x	x	x	x	x	x			x	
Ýmsir viðburðir; framkvæmdamat	Ýmsir viðburðir í skólanum; árshátíðir, uppbrotisdagar	Stjórnendur, kennarar	Allt skólaárið	Allir nemendur, kennarar, annað starfsfólk, foreldrar/ aðstandendur	x				x				x	

Kannanir Skólapúlsins og nemendakönnun Olweusar á umfangi eineltis

Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir mismunandi hópa yfir veturinn. Miklar upplýsingar fást í þessum könnunum sem nýtast vel í gerð úrbótaáætlunar fyrir komandi ár. Flestar tölur eru gefnar upp á stöðluðum skala (svk.staðalníur) með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Tölurnar í skýrslunni eru settar fram þannig að niðurstöður fyrir Egilsstaðaskóla koma fyrst og landsmeðaltal á eftir (EGS/ landið). Munur upp á 1,0 stig telst talsverður munur. Einnig er mælt í prósentum. Í fimm ára matsáætlun skólans er tiltekið hvaða atriði og þættir eru kannaðir á hverjum vetri. Sumir þættir eru kannaðir á hverju ári en aðrir sjaldnar (fylgiskjal 1).

Könnun	Þátttakendur	Lagt fyrir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Skólapúlsinn	Nemendur 1.-5. b	Maí 2022	208	176	84,6%
Skólapúlsinn	Nemendur 6.-10.b	4x ¼	189	177	93,7%
Skólapúlsinn	Starfsmenn	Mars	83	71	85,5%
Skólapúlsinn	Foreldrar	Febrúar	122	93	76,2%
Olweus	5. -10.b	Desember	225	213	94,7%

Olweusarkönnunin er lögð fyrir einu sinni á hverjum vetri. Sérstakt teymi heldur utan um Olweusarverkefnið og hefur umsjón með fræðslu til starfsmanna, forvarnarstarf gegn einelti, undirbúning Vinadags o.fl.



Í þessari könnun er einungis spurt út í einelti, hvort nemendur hafi orðið fyrir slíku sjálfir eða hvort þeir hafi orðið varir við að aðrir séu lagðir í einelti.

Skilgreining á einelti skv. Olweusi er: *Endurtekið neikvætt/illgirnilegt atferli eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi sem á erfitt með að verja sig.*


Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði?


Svar: Tvisvar til þrisvar í mán./ einu sinni í viku/ oft í viku.

Í niðurstöðunum fyrir þetta skólaár merkja átta einstaklingar við að þeir séu lagðir í einelti oft í viku eða 2 – 3 í mánuði. Í svörunum kemur fram að einelti á sér helst stað á skólalóðinni, á göngum skólans, í kennslustofunni og á leið í og úr skóla. Eineltið birtist helst í formi þess að viðkomandi er uppnefndur eða að honum beint illyrðum. Einnig beita gerendur hunsun og útilokun. Fleiri strákar en stelpur verða fyrir einelti skv. niðurstöðum könnunar þessa árs.

Niðurstöður úr **Skólapúlsinum** fyrir 6.-10.bekk eru nokkuð svipaðar en þar merkja 11 nemendur við að þeir séu lagðir í einelti 2 – 12 sinnum á síðustu 30 dögum.

Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir öðrum nemanda aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur hann útundan





Í Egilsstaðaskóla mælist einelti marktækt undir landsmeðaltali og nemendur samsama sig almennt vel nemendahópnum.

Það ber að hafa í huga að könnun Olweusar er lögð fyrir í desember en Skólapúlsinn lagður fyrir nemendahópinn dreift yfir veturinn og tekur síðasti hópurinn

könnunina í apríl. Markvisst er reynt að vinna gegn einelti, m.a. með föstum bekkjarfundum, tengslakönnunum, stýringu kennara í sæti í kennslustofum og matsa, ýmsum verkefnum og vinnu í lífsleikni auk annarra aðgerða sem nánar er fjallað um síðar í þessari greinargerð. Gæsla í frímínútum, bæði úti og inni er virk og þannig unnið að því á ýmsan hátt að koma í veg fyrir árekstra milli nemenda og að allir geti fundið til öryggis í skólanum.

Skólapúlsinn 1.- 5. bekkur

Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 1.- 5.bekk einu sinni á skólaárinu. Nemendur taka könnunina í pól og svara 13 spurningum sem felast í að merkt er við tákni. Þættir sem eru kannaðir eru ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum. Ánægja með skólann mælist aðeins minni en árið á undan. Að baki þessum lið liggja 4 spurningar þar sem nemendur svara því m.a. hvort þeim finnst þeir hafa gaman að mörgu í skólanum og hvort þeim finnst þeir hafa margt að hlakka til. Fjórdi bekkur sker sig úr varðandi ánægju í skólanum en niðurstaðan er nokkuð yfir landsmeðaltali. Sama árgangi líður umtalsvert betur í skólanum en öðrum árgöngum en það ber þó að hafa í huga að svörin í árgangnum er aðeins rúmlega 50% sem kann að skýrast af miklum fjarvistum á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir (í apríl þegar Covid 19 bylgja var á svæðinu).



Mynd: Nemendur í 1.bekk mynda form




Ánægja af lestri minnkar frá fyrra ári og eru allir árgangar undir landsmeðaltali, en það er þó í samræmi við þróun á landsvísi. Strákar hafa nokkuð minni ánægju af lestri en stelpur en bæði kyn eru þó undir landsmeðaltali. Í niðurstöðum lesfímiprófa kemur fram að nemendur í 4. bekk eru vel yfir landsmeðaltali og ná yfir viðmið 2. Rýna þarf þessar niðurstöður frekar og ræða hvernig má bregðast við þeim í þeim árgöngum sem könnunin nær til.

Þriðja atriði sem er mælt í 1.- 5. bekk er vellíðan í skólanum en nemendum í Egilsstaðaskóla líður svipað og undanfarin ár og eru niðurstöður í samræmi við heildartölur yfir landið. Færri strákum líður vel en stelpum.

Tæplega 40% nemendanna segist oft hafa gaman af mörgu og rúmlega þriðjungur telur margt vera spennandi í skólanum.

3.6. Vellíðan í skólanum 1.-5.b – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


Í heildina víkja niðurstöðurnar lítið frá landsmeðaltali að því undanteknu að ánægja af lestri í 1.-5. bekk minnkar frá fyrra ári. Ástæða er til að fjalla frekar um þetta og leita leiða til að auka áhuga barnanna á lestri.

Skólapúlsinn 6. – 10. bekkur

Í þessum árgöngum eru kannaðir eftirfarandi þættir: Virkni nemenda, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi.

Ánægjulegt er að sjá að nemendur hafa aukið hreyfingu frá síðustu könnun Skólapúlsins. Síðastliðið haust var innleidd svokölluð hreyfistund í alla árganga en hreyfistund gengur út á að farið er út í stutta göngu eða aðra hreyfingu 2 - 3 í viku. Margir árgangar hafa þetta fast í stundaskrá en aðrir fara þegar það hentar útfrá verkefnum hverju sinni. Þessi nýjung hefur mælst vel fyrir hjá nemendum og margir farnir að óska eftir að farið sé í hreyfistund sem oftast.


2.8.2 Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?



Mjög margir nemendur æfa íþróttir nokkrum sinnum í viku eins og spurning 2.8.2 sýnir.

Tæp 70% nemenda stunda íþróttir með íþróttafélagi 2 eða oftar í viku sem er býsna hátt hlutfall.

Nemendum í Egilsstaðaskóla líður almennt vel og tæp 70% þeirra segjast upplifa gleði oft eða mjög oft (allan daginn).



Þetta er mjög jákvætt því rannsóknir hafa sýnt að líðan nemenda á stóran þátt í því hvort þeir ná árangri í námi og hvernig þeim vegnar í þeim verkefnum sem fyrir þá

eru lögð. (Ritröð um grunnþætti menntunar: Heilbrigði og velferð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2013). Spurningar sem varða sjálfsálit sýna einnig að nemendur í Egilsstaðaskóla telja sig almennt hafa marga góða eiginleika og um 85% þeirra, sem svara, segjast



Mynd: Nemendur í 4. bekk vinna verkefni um landnámið


einnig minnkandi frá fyrra ári og eru allir árgangar í þessari könnun nokkuð undir landsmeðaltali. Þegar litið er til mælinga á þessum þætti sl. 7 ár sést að áhugi virðist smám saman dala. Sú þróun er í samræmi við það sem sést í könnunum í samanburðarhópum.

Þetta þarf að ræða í skólasamfélaginu og skoða leiðir til að vekja meiri áhuga nemenda á náminu ásamt því þjálfra seiglu þeirra og úthald. Undanfarin tvö ár hefur verið í gangi svk.

Velferðarkennsla en þar er einmitt unnið að því að auka gróskuhugarfar nemenda og reynt að efla vitund nemenda um eigin velferð og hugarfar. Nemendur læra að greina styrkleika sína og annarra og hvernig áhrif hugarfars nýtist þeim. Kennslan byggir á hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði sem beinist að því að efla bjartsýni og trú á eigin getu.

Í könnun Skólalámsins er spurt um aga í tímum og þó að niðurstöður í Egilsstaðaskóla fylgi öðrum skólum er umhugsunarefni að tæplega 87% nemenda segja að nemendur hlusti ekki á það sem kennarinn segir í sumum, flestum eða öllum tímum. Rúm 90% segja að kennarinn þurfi að bíða lengi eftir því að nemendur róist, í sumum, flestum eða öllum tímum. Svipað hlutfall nemenda segir að það sé hávaði og óróleiki í sumum, flestum eða öllum tímum. Svör nemenda speglast í svörum foreldranna, sem fjallað er um síðar í þessari samantekt og niðurstöður í starfsmannakönnun sömuleiðis.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Ársmeðaltöl



vera sammála eða mjög sammála því að þeir séu ánægðir með sjálfan sig. Það vekur athygli að mun fleiri nemendur telja að þeir geti vel eða alveg lært íþróttir, hönnun og smíðar en íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Það speglast e.t.v. í svörum spurningum sem varða áhuga á þessum greinum. Mun færri strákar segjast hafa ánægju af lestri en stúlkur og rúm 62% barnanna segjast einungis lesa þegar þau verði að gera það. Áhugi á stærðfræði fer

Nemendur eru skv. könnuninni virkari en jafnaldrar þeirra yfir landið og tíðni leiðsagnarmats örlítið hærri en í skólum af svipaðri stærð og Egilsstaðaskóli.



Mynd: Miðstígi sýndi leikritið Konung ljónanna í vor.


Heilt yfir eru niðurstöður þessa hluta Skólapúlsins nokkuð jákvæðar þrátt fyrir að áhugi á lestri stærðfræði og náttúrufræði minnki milli ára. Sjálfsálit nemenda, líðan og stjórn á eigin líðan er meiri en jafnaldrar í samanburðar-skólum en markvisst hefur verið unnið að því um árabíl að efla bekkjaranda, samkennd nemenda og líðan nemenda í skólanum.

Reglulegir bekkjarfundir eru í öllum árgöngum, vinabekkir hittast yfir skólaárið, KVAN- verkefnið (verkfærakista sem kynnt var á námskeiði með Vöndu Sigurgeirsdóttur) er nýtt í vinnu með bekkjaranda og leiðtogaferni, Vinaliðaverkefnið er í gangi í frímínútum á miðstigi, þroskaþjálfar og sérkennarar kenna ákveðnum hópum og einstaklingum félagsferni, tengslakannanir eru lagðar reglulega fyrir og mikil gæsla er í frímínútum (sjá bls.7). Þetta eru allt aðgerðir í þágu þess að skólaumhverfi sé vinsamlegt og öruggt fyrir alla nemendur í skólanum. Velferð nemenda er þannig höfð að leiðarljósi í allri vinnu í skólanum.

Skólapúlsinn – Foreldrar og forráðamenn

Svarhlutfall í könnun meðal foreldra og forráðamanna náði 76,2% sem er undir viðmiðunarmörkum. Mæður svöruðu í 60% tilfella og foreldrar barna á yngsta stigi svöruðu frekar en aðrir. Þar var spurt um þætti sem varða nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning. Nú kann ástand undanfarinna missera að hafa áhrif á afstöðu foreldra en frá vori 2020 hefur skólinn að alloft verið lokaður foreldrum og forráðamönnum vegna Covid 19. Foreldrar hafa því lítið komið inn í skólann þennan tíma og samskipti við starfsfólk augliti til auglitis eðlilega minna en að jafnaði annars.


Ánægja foreldra og forráðamanna með nám og kennslu minnkar frá fyrra ári og minni ánægja er með stjórnun skólans en þó telja um 85% þeirra sem svara að skólanum sé vel stjórnað. Tæplega 80% svarenda álíta að verkefnin sem barnið þeirra fær í skólanum séu hæfilega þung. Um þriðjung foreldra þykir agi í skólanum vera of lítill en 66,7% telja hann nægilegan.




Sé litið til síðastliðinna ára virðist foreldrum þó ekki að agi sé minni en oft áður þó að síðasta ár hafi aðeins skorið sig úr en þá voru miklar takmarkanir á skólastarfi vegna heimsfaraldurs og það hafði þau áhrif á skólastarfið að utanumhald og rammar voru

mun stífari en undir venjulegum kringumstæðum. Foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og 91% foreldra segja að börnum þeirra líði vel í skólanum. Heldur færri segja að börnunum líði vel í kennslustundum (89%) en þar virðist strákurm heldur líða verr en stúlkum (84% / 93,6%). Líðan barna í frímínútum er almennt góð og á það bæði við um stráka og stelpur.

2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Kyn



2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum – Kyn



Foreldrar 10 barna merkja við að börnin þeirra hafi orðið fyrir einelti á líðandi skólaári, um 11% þeirra sem svara. Mun minni ánægja er með úrvinnslu skólans á eineltismálum á þessu skólaári miðað við það fyrra en fimm foreldrar svara spurninginni sem


liggur til grundvallar.

Foreldrar stráka eru ánægðari með hraða á úrvinnslu eineltismála en foreldrar stúlkna. Foreldrar og forráðamenn eru almennt ánægðir með aðstöðu í skólanum og tómstundapjónustu. Notkun á mötuneyti er mikil en 97,8% þeirra sem svara segja að barn þeirra borði í mötuneyti skólans. Um 76% eru ánægðir með máltíðirnar sem börnin fá. Fleiri foreldrar en áður segja að leitað sé eftir tillögum frá þeim varðandi nám barnanna og að tekið sé mark á ábendingum. Kennarar í Egilsstaðaskóla hafa meira frumkvæði að foreldrasamstarfi en samanburðarhópar en aðeins helmingur svarenda telur sig almennt hafa mikil áhrif á ákvarðanir sem teknar eru varðandi börnin þeirra.

Starfsfólks skólans, og þá kennarar sérstaklega, geta stjórnað miklu um það hve mikið samband er við foreldra og forráðamenn um þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi nám

barnanna og annað sem þeim viðkemur í skólanum. Slíkt samstarf skilar nær undantekningarlaust góðum árangri. Um 20% svarenda segir einnig að þættir sem þeir vildu hafa

4.2.1 Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?*



meiri áhrif á í skólastarfinu séu áherslur í námsgreinum, námshraði, agi og 17% nefndu val á námsefni. Vonandi gefast líka frekar tækifæri nú til að fá foreldra til samráðs í skólanum þegar áhrifa Covid 19 gætir minna. Foreldrum finnst mikilvægt að gera námsáætlun með barninu sínu en 50% svarenda segjast aldrei hafa tekið þátt í gerð slíkrar ætlunar.


Fleiri foreldrar en áður eru ánægðir með heimasíðu skólans og finnst upplýsingar á heimasíðunni gagnlegar (85%) en færri foreldrum en fyrra ár telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá (66,3%).

Foreldrar yngstu barnanna eru virkari í námi barna sinna en tæp 65% foreldra aðstoða barnið sitt daglega við heimanám, þmt. heimalestur. Eins og mynd 5.1. sýnir er þetta sambærilegt við samanburðarhópa.


Nokkuð margir foreldrar ræða við

börnin sín um hvernig þau standa sig í náminu en tæp 20% foreldra ræða við barnið um hvernig tengja má það sem lært er í skólanum við daglegt líf. Færri strákar en stelpur leita eftir þátttöku foreldra í náminu og lítill hluti barna biður foreldra um að fylgjast með heimanámi sínu.

5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna – Árgangar




5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám – Árgangar



Foreldrar barna í Egilsstaðaskóla verja minni tíma til að aðstoða börn sín við heimanám en samanburðarhópar og sú aðstoð er sýnilega minnst við börn á unglingastigi.

Fleiri foreldrar en áður hafa væntingar um að börnin þeirra fari í iðnám þó að enn fleiri vænti þess að börnin ljúki námi í háskóla.


Mikilvægt er að skólinn upplýsi nemendur vel um mismunandi námsleiðir þannig að þau hafi frekar eitthvað að stefna á eftir grunnskóla og sjái þannig frekar tilgang í þeim verkefnum sem þeim er ætlað að vinna í grunnskólanum.




Skólapúlsinn – starfsfólk

Egilsstaðaskóli er stór vinnustaður miðað við aðra í sveitarfélaginu. Nálægt 500 manns á aldrinum 5 – 70 ára starfa þar saman á starfstíma skólans. Fjöldi kennara er svipaður á milli ára en öðrum starfsmönnum hefur fjölgað, m.a. stuðningsfulltrúum og þroskajálfum, enda eru þarfi barnanna mjög mismunandi og brýnt að þeim sé mætt. Starfsmenn í vetur hafa á verið á milli 80 og 90, sumir starfsmenn ráðnir tímabundið vegna afleysinga.

Niðurstöður starfsmannakönnunar benda til að undanfarið skólaár hafi reynt á starfsfólkið enda barst bylgja Covid 19 á svæðið og forföll vegna þess og annarra veikinda mikil. Í könnunni er spurt út í starfið, starfsmennina sjálfa, vinnustaðinn, stjórnun og kennarar eru spurðir sérstaklega um kennarastarfið og starfsumhverfi. Niðurstöður könnunarinnar eru að nokkru leyti neikvæðari en fyrri ár, m.a. það sem varðar starfsumhverfi og stjórnun. Jákvæð breyting er þó varðandi endurmenntun kennara en síðastliðið ár fjölgaði endurmenntunardögum kennara í Egilsstaðaskóla umtalsvert.



Kennarar á öllum stigum telja að álag hafi aukist síðasta ár og það endurspeglast án efa í svörum kennara við öðrum þáttum könnunarinnar, s.s. minni ánægju með kennarastarfið og ánægju með stjórnun skólans. Stjórnun skólans var ekki fullmönnuð vegna forfalla hluta skólaársins og setti það mark sitt á möguleika stjórnenda til að standa við bakið á kennurum í úrvinnslu nemendamála.




Margt gagnlegt kom fram í svörum og verður það nýtt við gerð úrbótaáætlunar fyrir næsta skólár. Það sem kennarar nefndu helst sem ástæðu aukins álags var:

- Meiri aðlögun námsefnis fyrir nemendur (námsefnisgerð, dagsskipulag, samráð við sérkennara o.fl.)
- Þyngri agamál
- Fjöldi skimunarlista og upplýsinga til skólabjónustu / sálfræðinga auk skilafunda.
- Fjölgun samráðsfunda vegna mála einstakra nemenda.
- Álag vegna veikinda starfsfólks og nemenda.

Annað starfsfólk benti á nauðsyn þess að skipulag væri gott og að það skipti máli að starfsfólkið finndi fyrir umhyggju stjórnenda og að hlúð væri að starfsfólki á álagstímum.

Í Skólapúlseinum er spurt um skýrleika hlutverks, m.a. hvort starfsfólk viti til hvers er ætlast af því í starfi. Fleiri svöruðu að það vissu þeir ekki í ár og var óskað eftir frekari skýringum í viðbótarspurningum til kennara. Á svörunum er ljóst að skerpa þarf á verksviði og skiptingu verkefna milli umsjónarkennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa. Á síðasta skólaári voru lögð drög að þessari verkaskiptingu en þarf að fylgja framkvæmdinni betur eftir. Bent var á að starfslýsingar þyrftu að liggja fyrir og vera skýrar auk þess sem ljóst þarf að vera hvernig teymi skipta með sér verkum. Einnig var á það bent að bæta þyrfti upplýsingagjöf og skipulag upprofsdaga og þá sérstaklega hverjum væri ætlað hvað á slíkum dögum. Meðferð agamála og úrvinnsla þeirra þyrfti sömuleiðis að vera skýrari þannig að öllum sé ljóst hver gerir hvað.

3.6.1 Hefur þú orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum undanfarna sex mánuði?



Einelti meðal starfsmanna í Egilsstaðaskóla mælist lítið og þar stendur skólinn betur að vígi en samanburðarskólar.


Þó telja fimm einstaklingar sig hafa orðið fyrir

einelti síðastliðið hálf ár. Í könnuninni kemur fram að starfsfólk álítur einnig að aðrir en það sjálf sé lagt í einelti en dæmin um það virðast vera innan við fimm einstaklinga.

Starfsandi á vinnustaðnum mælist heldur minni en árið áður og er undir landsmeðaltali hjá samanburðarhópum. Það er þó mismunandi eftir stigum hvernig starfsandi mælist og er mest starfsánægja meðal þeirra sem starfa á yngsta stigi.

Færri kennarar telja sig fá nægilegan stuðning vegna hegðunarörðugleika nemenda og sömuleiðis þykir fleirum vanta upp á faglegan stuðning skólastjóra við kennara en fyrra ár. Það er nauðsynlegt að ræða það á sameiginlegum vettvangi hvernig hægt sé að auka

6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. – Aldurstig




stuðning við kennara vegna hegðunarörðugleika og þá m.a. aukið samstarf við foreldra.

Í ljósi þess sem að framan er nefnt þarf ekki að koma á óvart að ánægja með kennarastarfið mælist mun minni en áður og hefur aðeins einu sinni mælst minni frá árinu 2015. Þetta er mikið umhugsunarefni og þyrfti að skoða í stærra

samhengi á vegum fræðslufyrivalda sveitarfélagsins.

Kennarar í Egilsstaðaskóla undirbúa kennslu að miklu leyti í skólanum og greinilegt að breytingar


5.9.1 Ég nota einstaklingsmiðaða kennslu (skipulag á einstaklingsmiðuðu námi þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa nemandans, að hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitir ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi)



eru að verða á kennsluháttum þar sem einstaklingsmiðun er orðin mun meiri en áður. Þetta kemur líka fram í því að kennarar upplifa meira álag við aðlögun námsefnis og gerð einstaklingsáætla.

Samfara breytingum á kennsluháttum hefur áhersla á fjölbreytt námsmat aukist til muna og kennarar beita nú margvíslegum aðferðum til að meta færni nemenda.

Starfsfólk Egilsstaðaskóla er að stærstum hluta ánægt með vinnustaðinn sinn en greinilegt er að rýna þarf betur í ýmsa þætti sem varða stjórnun, ábyrgð og hlutverk starfsfólks, stuðning við kennara í starfi og fleira. Einnig þarf að huga að því að bæta starfsanda þar sem miklu skiptir að öllu starfsfólki líði vel í vinnunni og upplifi sig sem hluta af sterkri heild. Þessi stærsti vinnustaður sveitarfélagsins býr yfir miklum mannauði og að honum þarf að hlúa. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á það í úrbótaáætlun fyrir næsta skólaár.



Lestur


Egilsstaðaskóli vinnur eftir samþykktri lestrarstefnu (2018) og í inngangi hennar segir:

Lestur er lykillinn að öllu námi og því þarf lestrarkennsla eða lestrarþjálfun á öllum stigum skólans að vera með fjölbreyttu sniði. Á öllum stigum þarf lestrarþjálfunin að vera áhugaverð og áhugahvetjandi fyrir nemendur. Lestrarkennsla þarf að fylgja nemendum upp allt skólastigið og gefa þarf nemendum svigrúm og tækifæri til lesturs.

Á yngsta stigi er kennt samkvæmt aðferðum *Byrjendalæsis*. Meginmarkmið aðferðarinnar er að góður árangur náist í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Gengið er út frá því að börn þurfi að fá lesefni sem kveiki áhuga þeirra og því er margskonar textar lagðir til grundvallar lestrarkennslunni. Í öllum árgöngum er ætlaður tími daglega fyrir yndislestur. Á hverjum vetri eru lagðar fyrir skímanir og próf sem mæla bæði lesskilning og lestrarhraða.

Skímanir / próf	Árgangar	Tímasetningar
Menntamálastofnun/lesferill	1.– 10. bekkur	september, janúar, maí
Skólaþjónustan - Logos	3.,6. og 9.bekkur	janúar / október/ september
Orðarún	5. og 8.bekkur	nóvember

Bókasafn skólans hefur verið eftt og mikið lagt upp úr því að kaupa bækur sem höfða til nemenda. Útlán hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár.



Í niðurstöðum lesfímiprófa sést að 6 af 10 árgöngum í Egilsstaðaskóla eru yfir landsmeðaltali í mælingu lesinna orða. Fyrsti til þriðji bekkur eru þó nokkuð undir landsmeðaltali og það þarf að rýna sérstaklega

enda þótt þarna sé einungis verið að mæla leshraða og taka þarf tillit til fleiri þátta.

Umbótaaðgerðir / þróunarstarf

Í skólum eru ávallt í gangi þróunarverkefni enda stöðugt verið að leita leiða til að bæta skólastarfið. Í Egilsstaðaskóla er unnið að því að gera skólann að Grænfánaskóla. Í vetur hófst innleiðing á leiðsagnarmati í skólann í samstarfi við HA og aðra skóla í Múlaþingi. Kennarar sækja reglulega námskeið með kennurum HA og unnið er í skólunum þess á milli. Verkefnið er þriggja ára þróunarverkefni. Val á unglingastigi var endurskoðað auk þess sem allir árgangar fá nú kennslu í list- og verkgreinum. Á unglingastigi var tekið upp svokallað áhugasviðsval en þá geta nemendur unnið að verkefnum sem tengjast áhugasviði þeirra. Hreyfistundir hafa verið í öllum árgöngum í vetur og fara allir nemendur út að ganga, í leiki eða á íþróttavellina 2 - 3 sinnum í viku með kennurum sínum.



Myndir: 10. bekkur: Klettasig í Skagafirði / 10. bekkur gengur í Stóruð

Nokkrir þróunarhópar eru starfandi þó að starf þeirra væri skert vegna Covid 19 hluta vetrar. Hér er farið yfir helstu verkefni hópanna:

Hópur	Markmið	Verkefni	Ábendingar / úrvinnsla
Olweus	Stuðla að jákvæðum, heilbrigðum og góðum samskiptum inna veggja skólans. Að undirbúa Vinadaginn. Halda starfsfólki upplýstu um eineltisferil Egilsstaðaskóla	Halda utan um Olweusarfundir starfsfólks. Undirbúa Vinadaginn. Kynna niðurstöður Olweusarkönnunar fyrir starfsfólki og umsjónarkennurum hvers árgangs.	
Nýsköpun	Markmið hópsins – halda utan um Nýsköpunarstarf, hvetja kennara og halda þeim upplýstum, m.a. varðandi Nýsköpunardaginn og nýsköpunarkeppnir	Koma á framfæri upplýsingum um nýsköpunarkeppni grunnskólanna og upplýsingum til kennara um það hvar hagnýt gögn er að finna.	Hópurinn leggur til að teymið verði lagt niður og nýsköpunarkennsla sé lögð í hendur á kennurum einvörðungu. Þá unnið í samvinnu við sérgreinakennara jafnt og þétt. Skýra þarf verkefnalýsingu ef hópurinn heldur áfram og tryggja aðkomu allra stiga. Fá námskeið fyrir kennara og ræða sameiginlegan skilning á nýsköpun. Nýsköpunardagur sé ekki aðeins einn dagur á skólaári heldur verði hugsunin gegnumgangandi yfir veturinn. Kennarar horfi á markmið aðalnámskrár og vinni skv. því. Fá verkgreinakennara meira til samstarfs.
Sjálfbærni/ grænifáni	Að efla umræðu og virkni tengda sjálfbærni í skólastarfinu Að undirbúa skólann í að taka þátt í umhverfisverkefni Landverndar, Grænifánanum, og sækja formlega um verkefnið.	Flokkunartunnur komnar í matsal og box fyrir pappír og plast í hverri stofu. Ákveðnir árgangar voru með verkefni sem ekki tókst að klára. Unnið að fræðsluefni fyrir nemendur og starfsfólk	Halda ótrauð áfram næsta vetur og reyna að koma verkefninu á næsta stig.
Mat á skólastarfi	Vinna innra mat á skólastarfi og móta áætlun þar um til 5 ára.	Kannarir Skólupólans skoðaðar og ræddar. Undirbúnað og senda spurningar til starfsfólks sem eftirfylgni við starfsmannakönnun. Niðurstöður teknar saman, skrifuð matsskýrsla sem er skilað til fræðslufyrirvalda m.a. Unnin úrbótaáætlun.	Kynna niðurstöður matsskýrslu fyrir skólaráði, starfsfólki og nemendum.
Jafnréttisnefnd	Vinna að því að allir í skólanum, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns.	Hópurinn velti fyrir sér hvað á að fara í gagnabankann? Hvernig er hægt að kanna hvernig jafnréttiskennsla fer fram? Gera jafnréttis/kærleiks/vina- tré eða eitthvað verk þar sem að krakkarnir gera sjálfir orð eða setningar sem innihalda orð um jafnrétti og setja á tréð. Þá þarf samstarf með verkgreinakennurum og er tímafrekt.	Vinna áfram að framkomnum hugmyndum.
Rafræni kennsluhættir	Efla rafræna kennsluhætti í Egilsstaðaskóla. Móta stefnu varðandi rafræna kennsluhætti.	Hópurinn fór yfir metanleg hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla og kláraði að raða þeim niður á árganga. Settar fram tillögur að námsefni og verkefnum við mörg hæfniviðmið sem kennarar geta nýtt sér við kennslu í upplýsingatækni. Náms efni um stafræna borgaravítund skoðað; eftir að búa til drög að kennsluáætlun. Kennsla innanhúss á notkun vínyskera. Kynntum okkur áhættugreiningu kennsluhugbúnaðar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki þarf að aðhafast neitt í bili varðandi það.	Endurskoða tæknihljóða á ljósmyndamaraþoni. Það þarf að færa til betri vegar. Kenna kennurum að nota vínyskera. Fá meiri tíma til að kynna niðurröðun hæfniviðmiða, forrit og fleira fyrir kennarahópinn. Skýra markmið með þessum þróunarhópi; óvissa með verkefni.

Heilsueflandi hópur	Styðja við heilsueflandi skóla og huga að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu starfsmanna.	Áhersla lögð á mataræði og mótuneytið. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur og starfsfólk. Í kjölfarið var mótuneytið rætt á bekkjarfundum í öllum árgöngum. Fundað með nýjum matráði og kynntar niðurstöður úr könnunum og bekkjarfundum. Farið yfir breytingar sem fyrirhugaðar eru. Rætt um breytingar á fyrirkomulagi hádegis. Unglingastig almennt ánægt, miðstig telur tímann ekki nýtast sem skyldi Heilsu- og hreyfidagar gengu vel. Hópurinn stóð fyrir heilsufundi í febrúar. Fulltrúi í hópnum sat nokkra fjarkynningarfundi frá Heilsueflandi skóla varðandi uppfærslu og endurskoðun á gátlistum og handbókinni. Einnig sátu 2 fulltrúar kynningarfund á Evrópuverkefni á vegum Heilsueflandi skóla í maí en skólanum stendur til boða að taka þátt í því verkefni ásamt nokkrum útvöldum skólum á landinu.	Hópurinn hefur hug á að rífa heilsueflandi verkefnið upp og gera það meira sýnilegt og komu ýmsar hugmyndir upp á fundinum: *Lífshlaupið – gera þarf meira til að virkja starfsfólk ef skólinn ætlar að halda áfram að taka þátt. *Gönguferðir – vera með reglulegar gönguferðir í nokkrar vikur í byrjun skólaárs sem væri þá bæði og hóp- og heilsuefling. *Núvitund/slökun fyrir starfsfólk t.d. í lok vinnuviku. *„Róleg“ kaffistofa eða rými fyrir þá sem kjósa afslappaðra umhverfi í frímínútum. *Fleiri smærri verkefni en stærri. *Viðhalda velferðarverkefni. *Hópurinn er mjög jákvæður gagnvart Evrópuverkefni fyrir heilsueflandi skóla á vegum Embættis landlæknis.
Skóli án aðgreiningar	Kynna sér efni um skóla án aðgreiningar, gera tillögur að efni fyrir starfsfólk og fræða.	Kanna aðra möguleika á fræðslu fyrir starfsfólk. Vinna samþætt að innleiðingu leiðsagnarmats og þróunar skóla án aðgreiningar.	Koma á kynningu haustið '22.

Ytri tengsl

Tengsl við aðila utan skólans hafa verið takmörkunum háð undanfarna tvo vetur vegna heimsfaraldurs. Þrátt fyrir það voru mörg verkefni í gangi sem skipta skólann, starfsfólk og nemendur hans miklu máli. Lagt er upp með að góð tengsl séu við sem flesta svo nýta megi aðstöðu og tækifæri sem bjóðast í nærsamfélaginu.

Í meðfylgjandi töflu er gerð tilraun til að gefa innsýn í það samstarf sem skólinn á við ýmsa aðila utan skólans.

Aðilar	Tengsl	Verkefni
Félagsmiðstöðin Nýung	Starfsmenn koma í skólann og ræða við nemendur.	Ýmis fræðsla, skemmtanir.
Tónlistarskóli Fljótsháðs	Aðkoma að árshátíðum skólans og viðburðum yfir skólaárið.	Kennarar og nemendur tónlistarskólans taka þátt í árshátíðum skólans með þjálfun og undirspili. Auk þess spila nemendur við ýmis önnur tækifæri.
Forvarnarfulltrúi	Samráð við stjórnendur um forvarnarmál.	Heldur utan um starf Ungmennaráðs (fulltrúar Egilsstaðaskóla þar inni).
ALL-teymið	Reglulegir vinnu- og fundadagar í skólanum samkvæmt skipulagi. Tengill á dagatal ALL	Funda og vinna með starfsfólki og foreldrum vegna málefna einstakra nemenda

Skólaþjónusta og félagsmálasvið Múlapings	Sálfræðingar og kennsluráðgjafi koma í skólann vegna málefna einstakra nemenda og framkvæmd skimana.	Kennsluráðgjafi leggur fyrir skimanir, bæði fyrir árganga og einstaka nemendur. Sálfræðingar leggja fyrir matslista og vinna að málefnum nemenda.
HSA	Skólahjúkrunarfræðingar hafa viðveru í skólanum.	Viðvera skólahjúkrunarfræðinga hefur verið með minna móti í vetur en tveir skólahjúkrunarfræðingar hafa sinnt helstu verkefnum eftir því sem mögulegt hefur verið. Nemendum er vísað til þeirra í samtöl en einnig eru föst verkefni í árgöngum, s.s. fræðsla um sjálfsmynd, bólusetningar, mælingar auk þess sem hjúkrunarfræðingar sitja í Nemendaverndarráði.
Fyrirtæki í sveitarfélaginu	Taka nemendur í starfsnám og annast námskeiðahald.	Nemendur á unglingastigi geta verið í starfsnámi að hluta. Samið var við fyrirtæki um að halda valnámskeið fyrir nemendur á unglingastigi.
Menningarmiðstöð Fljótssdalshéraðs	Tekið á móti nemendum vegna ákveðinna verkefna.	Nemendur sækja sýningar í MMF.
Minjasafn Austurlands	Nemendum boðið í safnið.	Safnakennsla á vegum MA.
Leikskólinn Tjarnarskógur	Unnið samkvæmt samstarfsáætlun skólanna. https://www.egilsstaðaskoli.is/static/files/hagnytt/samstarf-vid-leikskolann-2014-15.pdf	Skólaheimsóknir 2 – 3 sinnum til að undirbúa verðandi nemendur.
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Nemendur Egilsstaðaskóla geta tekið fyrstu áfanga í grunngreinum.	Nemendur sem eru mjög vel stödd í námi hafa getað tekið grunnáfanga í kjarnagreinum í ME.
Vatnajökulspjóðgarður	Fræðsla fyrir nemendur	Starfsmenn þjóðgarðsins taka á móti nemendum í 8. bekk við Snæfell á Göngudegi. Gönguferð við rætur Snæfells. Að vori fer 5.bekkur í heimsókn í Snæfellsstofu.

Árangur nemenda á ýmsum vettvangi

Nemendur Egilsstaðaskóla tóku þátt í ýmsum verkefnum utan skólans eins og hefð er fyrir. Vegna heimsfaraldursins voru sumir viðburðir með öðru sniði en áður og sumir féllu alveg niður. Þannig féll hefðbundin Lego League keppnin niður en var haldin á Teams og tók lið skólans þar þátt. Nokkrir nemendur á unglingastigi tóku þátt í stærðfræðikeppni Pangeu sem haldin er í yfir 20 löndum í Evrópu. Stóra upplestrarkeppnin var haldin og fór lokahátíð norðursvæðis Austurlands fram í mars. Nemendur úr Egilsstaðaskóla tóku þátt í lokahátíðinni og hrepptu þrjú efstu sætin.



Mynd: Eitt af lokaverkefnum nemenda í 10.bekk

Lið skólans í Skólahreysti tók þátt í undankeppni á Akureyri í maí. Keppnin fór fram án áhorfenda og náði liðið ágætum árangri.

Styrkleikar og veikleikar

Gagnaöflun um starf Egilsstaðaskóla fer fram á margvíslegum vettvangi. Reynt er að greina gögnin og nýta þau til að gera tillögur að úrbótum í skólastarfinu. Hér fyrir neðan eru talin upp nokkur atriði sem teljast annars vegar styrkleikar og hins vegar veikleikar í skólastarfinu.

Styrkleikar skólastarfsins	Veikleikar skólastarfsins
Fleiri nemendur í skólanum samsama sig nemendahópnum en samanburðarhópar.	Ánægja af lestri minnkar í nokkrum árgöngum. Áhugi á stærðfræði mælist minni en áður.
Líðan nemenda er almennt góð og foreldrar telja að börnum þeirra líði vel í skólanum.	Þriðjungur foreldra, sem svara könnuninni, telja aga í skólanum of lítinn.
Nemendur í 6.-10.bekk hreyfa sig umtalsvert oftár á viku en jafnaldrar.	Skýra þarf ábyrgð og hlutverk innan starfsmannahópsins.
Tíðni eineltis er minni en í samanburðarhópum.	Starfsmenn telja að álag í starfi hafi aukist nokkuð. Starfsánægja á vinnustaðnum hefur minnkað frá fyrra ári.
Kennarar í Egilsstaðaskóla einstaklingsmiða kennslu í mjög auknum mæli og mikil áhersla er fjölbreytt námsmat.	Ánægja kennara með starf sitt minnkar milli ára og þeir telja sig hafa minni leikni í starfi en áður.
Kennarar hafa stórauðið endurmenntun frá fyrra ári.	Færri foreldrar en áður eru ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum barna þeirra og telja sig síður upplýsta um stefnu skólans og námskrá.

Samantekt

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í því að greina styrkleika og veikleika skólastarfsins og gera áætlanir um úrbætur. Niðurstöður kannana þessa skólaárs sýna að margir þættir í skólastarfinu eru jákvæðir en jafnframt eru vísar í könnuninni, sem sýna að ánægja með ákveðna þætti í skólastarfinu eru minni en áður. Mikilvægt er að bregðast við þeim þáttum með aðgerðum sem settar eru niður í úrbótaáætlun skólans næsta skólaár.

Skýrsla þessi verður kynnt starfsfólki, nemendum, skólaráði og fræðsluyfirvöldum.

Egilsstaðaskóli



Fimm ára matsáætlun 2022-2027

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Matið skal vera tengt markmiðum skólans og aðferðir skulu taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Gagnaöflun innra mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla byggir m.a. á þátttöku skólans í Skólapúlsinum. Allir nemendur 1.- 5. bekkjar tóku stutta könnun í vetur en nemendur í 6.-10. bekk taka könnunina fjórum sinnum á vetri í smærri hópum. Í kjölfar kannana berast stjórnendum upplýsingar um matsþætti sem kanna virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar berast skólanum í byrjun apríl. Foreldrakönnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldursstigum skólans. Könnuninni svara 120 foreldra líkindaúrtak.

Aðrir þættir sem lagðir eru til grundvallar mati á skólastarfi í Egilsstaðaskóla eru eineltiskönnun á vegum Olweusarverkefnisins sem lögð er fyrir alla nemendur skólans frá 5.-10. bekk í nóvember. Þar að auki eru foreldrafundir og rýnifundir með nemendum og foreldrum. Að öðru leyti mótast aðferðir við innra mat af því viðfangsefni sem verið er að meta.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matsskýrslu sem gefin er út hvert vor. Þær eru kynntar í skólaráði, fjölskylduráði foreldrum, nemendum og starfsmönnum. Það er gert með eftirfarandi hætti. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í fræðslunefnd og skólaráði og fylgt eftir með kynningu á fundum þessara ráða. Foreldrum eru kynntar helstu niðurstöður í fréttabréfi auk þess sem hluti af niðurstöðum eru einnig kynntar á heimasíðu skólans. Nemendum í 6.-10. bekk eru kynntir helstu þættir með stuttum kynningum í bekk. Starfsmönnum eru kynntar helstu niðurstöður á starfsmannafundum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig matsáætlun, úrbótaáætlun og upplýsingar um matshóp skólans.

Hér fyrir neðan eru viðfangsefni mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla og hvaða viðfangsefni eru í brennidepli á hverju skólaári.

	2022 - 2023	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027
Skólanámskrá t.d. stefna, markmið, inntak náms og námsmat					
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur					
Nemendur t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					
Kennsla - Kennsluhættir, fagmennska					
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf					
Stjórnun					
Viðmót og menning skóla					
Aðbúnaður, vinnuaðstaða					
Samstarf heimila og skóla					
Ytri tengsl t.d. við önnur skólastig og nærsamfélagið					
Umbótaáðgerðir / þróunarstarf					